

## 76. fundur Hafnarstjórnar

Hafnarstjórn hélt fund þriðjudaginn 6. Október 2015 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar.

Mætt voru undirrituð. Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### 1. Rekstur hafnarinnar það sem af er ári.

Hafnarstjóri gerði grein fyrir rekstrinum það sem af er ári og greindi frá því að afkoman stefni í að vera betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Þá greini hann frá því að undirbúningur v/fjárhagsáætlunar v/2016 sé í undirbúningi.

### 2. Breyting á gjaldskrá v/báta sem landa þangi og þara.

Hafnarstjóri fór yfir þær breytingar sem þarf að gera á gjaldskránni vegna þess og gerði grein fyrir stöðu mála. Hafnarstjórn veitir hafnarstjóra heimild til að vinna áfram að málinu og leggja niðurstöður þeirrar vinnu fyrir hafnarstjórn.

### 3. Deiliskipulag Skipavíkur- og Búðanessvæðis.

Hafnarstjóri fór yfir og gerði grein fyrir stöðu mála í deiliskipulagsvinnunni, fór yfir yfirlitsmynd/upprátt af svæðinu. Umræður urðu um nauðsyn þess að finna lausn á geymslusvæði fyrir smábáta um leið og skipulagið er unnið.

### 4. Beiðni um uppsetningu minnisvarða v/höfnina.

Hafnarstjóri gerði grein fyrir beiðninni sem snýr að uppsetningu minnisvarða frá afkomendum skipstjórans á mótorbátum Blika frá Stykkishólmi. Báturinn fórst með allri áhöfn þann 28 janúar 1924. Í áhöfn voru skipstjórinn Sigvaldi Valentínusson, hafnsögumaður, auk sex sjómanna. Samþykkt var að veita hafnarstjóra heimild til að skipuleggja staðsetningu minnisvarðans.

### 5. Önnur mál voru engin.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

*Fundi slitið 18:02*

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir (sign)

Eydís Jónsdóttir (sign)

Hrefna Frímannsdóttir (sign)

Hrannar Pétursson (sign)

Sturla Böðvarsson (sign)

Kolbeinn Björnsson (sign)

Páll Guðmundsson (sign)